



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 26. febrúar 2018

USK2018020001

8.9

Borgarráð

Íþróttasvæði Fylkis.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna uppbyggingar á aðalvelli Fylkis við Fylkisveg

Á völlinn verður lagt gervigras með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi og komið fyrir flóðlýsingu. Girðingar, vallarklukka, mörk og annar búnaður verður endurnýjaður og lokið við ýmsar aðrar framkvæmdir við völlinn.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið á árinu 2018.

Kostnaðaráætlun 2 er 400 mkr.

Greinargerð:

Framkvæmdirnar eru í samkvæmt samkomulagi Reykjavíkurborgar og Íþróttafélagsins Fylkis sem samþykkt var á fundi borgarráðs 26. október 2017.

Ekki er gert ráð fyrir þessum framkvæmdum í samþykktari fjárhagsáætlun 2018.

Kostnaðaráætlun 2: 400mkr.

Kostnaðarstaður: 1105

Framkvæmdirnar leiða til hækkunar á innri leigu ÍTR.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Samkomulag Fylkis og Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík og Íþróttafélagið Fylkir, kt. 481173-0359, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík, hér eftir nefnt Fylkir, gera með sér eftirfarandi

Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli félagsins við Fylkisveg.

1. *Breytingar á aðalvelli.*

Reykjavíkurborg tekur að sér að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu. Einnig verður annað sem tilheyrir vellinum svo sem girðingar, vallarklukka, mörk og varamannaskýli endurnýjað. Reykjavíkurborg útvegar aðstöðu fyrir tæknibúnað vallarins, innréttar hana og sér um endurnýjum heimæðar sé þess þörf.

Fylkir mun sjá um að ljúka öðrum nauðsynlegum framkvæmdum við völlinn þar með talið: salerni, sjúkrahverbergi, fundaraðstöðu, blaðamannaáðstöðu, veitingasölu, barnahverbergi o.fl. Breytingar á aðalvelli og flóðljós eru með fyrirvara um deiliskipulag.

Undirbúningur við gervigrasvöll hefst strax í janúar 2018 og áætlað að hægt verði að spila á vellinum í lok maí 2018. Stefnt er að því að öllum framkvæmdum verði lokið fyrir árslok 2018. Völlur og búnaður verði eign Reykjavíkurborgar að framkvæmdum loknum og mun Reykjavíkurborg annast rekstur vallarins líkt og er með aðra gervigrasvelli á svæðum íþróttafélaga í borginni

2. *Skil á æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls.*


Fylkir skilar til Reykjavíkurborgar því svæði sem þeir hafa haft og nýtt milli Hraunbæjar og Bæjarháls þegar lokið er við að leggja gervigras á aðalvöll félagsins samkvæmt 1. grein.

3. *Nýjar lóðir við Hraunbæ.*

Reykjavíkurborg stefnir að því að úthluta lóðum sem til verða á því svæði sem Fylkir losar við Hraunbæ og mun ákveða söluverð lóða. Verði söluverð byggingarréttar hærra en sem nemur 400 milljónum, sem er fyrirhugaður kostnaður við endurbætur samkvæmt 1. grein, mun 20% af söluverði sem verður umfram framkvæmdakostnað fara í aðrar endurbætur á svæði Fylkis.


4. *Framtíðaruppbygging á aðstöðu Fylkis.*

Reykjavíkurborg og Íþróttafélagið Fylkir mun skipa starfshóp sem á tímabilinu 1. nóvember 2017 - 29. febrúar 2018 mun vinna þarfagreiningu vegna framtíðaraðstöðu Fylkis og á grundvelli þeirra þarfagreiningar gera tillögu um samstarfssamning um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu félagsins. Mun borgarstjóri leggja fram erindisbréf starfshópsins í byrjun desember 2017.



F.h. Reykjavíkurborgar

Reykjavík 18.12.2017



F.h. Fylkis